

Grindavíkurbær  
b/t Atli Geir Júlíusson  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Reykjavík, 28. október 2019  
UST201910-045/A.B.  
10.04.03

**Efni: Lýsing á deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og hafnarsvæði við Eyjabakka í Grindavík**

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og hafnarsvæði við Eyjabakka í Grindavík.

Í greinargerð kemur fram að hér er um að ræða um 60 ha á landi en í heildina er skipulagssvæðið um 72 ha með sjó og hafnargörðum. Megin áhersla deiliskipulagsins verður að skilgreina lóðir og byggingarreiti fyrir iðnaðar og hafnarstarfsemi auk þess að setja ramma um uppbyggingu hafnarinnar, smábátahafnar, varnargarða og landfyllinga. Gert er ráð fyrir að hluti svæðisins verði nýttur undir sorpflokkun og geymslusvæði. Auk þess er gert er ráð fyrir u.þ.b. 1 ha landfyllingu á svæðinu og breytti legu hafnargarða til að auka snúnings og siglingarrými innan hafnarinnar.

**Jarðmyndarnir**

Í greinargerð kemur fram að við vinnslu skipulagstillögunnar þarf að skoða áhrif á jarðmyndanir, minjar, gróður, ásýnd og landslag, en svæðið er að mestu hallalítið hraunlendi, hálfgróið mosa og grastegundum.

Svæðið sem tillagan nær til kallast Hópneshraun sem er nútímahraun, um 8000 ár gamalt skv. vef Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd jarðminja sem taldar eru upp í 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun jarðminja sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á

að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um hraunið og aðrar jarðminjar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask jarðminja sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á jarðminjum þurfí að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

### Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkennum lands eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slikra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

### Stjórn vatnamála

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir u.þ.b. 1 ha landfyllingu á svæðinu og breytni legu hafnargarða til að auka snúnings og siglingarrými innan hafnarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf nána grein fyrir öllum landfyllingum, stærð þeirra og efnisnotkun. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að öll umhverfisáhrif af landfyllingum komi fram í umhverfisskýrslu og að það einnig komi fram úr hvaða náum efni er fengið í fyllingar.

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlotu, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar sem hér um ræðir er strandsjórinn sem hefur vatnshlotsnúmerið 104-1222-C Þorlákshöfn að Svörtuloftum undir stjórn vatnamála og 104-263-G Reykjanes. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðaþætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlotu. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

## Fráveita

Par sem á iðnaðarsvæðinu er gert ráð fyrir starfsemi sem talin er geta haft mengun í för með sér, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að í tillögunni verði gerð grein fyrir fráveitu frá iðnaðarsvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Virðingarfallst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefásson  
sérfræðingur